

Háafell ehf.
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

Selfossi, 19. desember 2025
Tilvísun: 2511305

Efni: Svar Matvælastofnunar við athugasemdom við eftirlitsskýrslu nr. 2042 vegna rekstrarleyfis FE-1171 og eftirlitsskýrslur stofnunarinnar nr. 2043 vegna rekstrarleyfis FE-1146.

Þann 16. desember 2025 bárust Matvælastofnun athugasemdir Háafells (hér eftir eftirlitsþegi) við eftirlitsskýrslu nr. 2042 vegna rekstrarleyfis FE-1171 og eftirlitsskýrslur stofnunarinnar nr. 2043 vegna rekstrarleyfis FE-1146.

Framangreindar eftirlitsskýrslur voru báðar sendar eftirlitsþega 2. desember 2025 og voru ritaðar í kjölfar eftirlita sem annars vegar fóru fram á skrifstofu eftirlitsþega á Ísafirði dagana 3. og 4. nóvember 2025 og hins vegar í eldisstöð eftirlitsþega að Nauteyri þann 5. nóvember 2025. Eftirlitsþegi sendi sameiginlegar athugasemdir vegna beggja eftirlitsskýrsla sem þó eru aðgreindar að hluta.

Þann 18. desember 2025 var haldinn fundur vegna athugasemda eftirlitsþega. Fundinn sátu Karl Steinar Óskarsson deildarstjóri fiskeldisdeildar, Vigdís Sigurðardóttir fagsviðstjóri eftirlits fiskeldisdeildar og Jónína Guðmundsdóttir lögfræðingur fiskeldisdeildar. Farið var efnislega yfir athugasemdir eftirlitsþega og ákvörðun tekin um afstöðu Matvælastofnunar til þeirra.

Í inngangi að athugasemdum eftirlitsþega kemur fram að eftirlitsþegi sé nú þegar byrjaður að bregðast við mikilvægum athugasemdum sem birtast í drögum að eftirlitsskýrslu Matvælastofnunar. Stofnunin bendir á að umræddar eftirlitsskýrslur eru ekki drög heldur eiginlegar eftirlitsskýrslur. Eftirlitsþegi fær ekki tækifæri til þess að koma með athugasemdir um innihald þeirra áður en þær eru endanlega sendar til eftirlitsþega, heldur er framkvæmdin sú að skýrslan er skrifuð og eftirlitsþegi hefur þá 14 daga til að koma að athugasemdum sínum sem stofnunin tekur til skoðunar og svarar efnislega. Eftirlitsþegi getur í kjölfar svara Matvælastofnunar við athugasemdum sínum fengið frekari leiðbeiningar er varða úrbætur telji hann þörf á slíkum leiðbeiningum.

Hér verða athugasemdir eftirlitsþega raktar og afstaða Matvælastofnunar við þeim. Hagræðis vegna verður afstaða Matvælastofnunar rakin undir hverjum lið fyrir sig. Athugasemdir eftirlitsþega eru skáletruð.

Almenn athugasemd

Við viljum benda á að skýrslunni var skilað fjórum vikum eftir eftirlitið og eftirlitsmenn upplýstu ekki formlega um alvarleg frávík né frávík á staðnum.

Í nokkrum atvikum virðast minni frávíkum safnað saman, en vegna fjölda þeirra skilgreinir MAST þau sem alvarleg frávík. Ekki er að finna neina skilgreiningu á hvenær frávík telst alvarlegt og hvenær ekki. Æskilegt er að MAST skilgreini alvarleg frávík og sú skilgreining sé aðgengileg.

Matvælastofnun bendir á að í báðum tilfellum var um að ræða ítareftirlit með umræddum rekstrarleyfum. Í slíkum eftirlitum er farið mjög djúpt yfir alla eftirlitsþætti sem lúta eftirliti Matvælastofnunar. Farið er efnislega yfir gæðahandbók eftirlitsþega á staðnum en jafnframt fengin útprentuð gögn eða gögn send í tölvupósti sem þarfnast nánari skoðunar á skrifstofu Matvælastofnunar. Eðli málsins samkvæmt er slíkt eftirlit tímafrekt sem og úrvinnsla gagna eftir þau og ritun eftirlitsskýrslu. Eftirlitsþegi gerir athugasemd við að eftirlitsskýrslum hafi verið skilað fjórum vikum eftir að eftirlit á skrifstofu eftirlitsþega fór fram. Matvælastofnun telur þá tímalengd samræmast eðli eftirlitsins enda um að ræða umfangsmikið eftirlit í báðum tilfellum.

Í ljósi þessa að hluti af eftirlitinu fór fram á skrifstofu Matvælastofnunar með ítarlegri yfirferð yfir gögn sem fengust í eftirlitinu sjálfu er eðlilegt að ekki sé hægt að tilgreina sérstaklega á staðnum um hvort frávík falli undir alvarlegt frávík eða frávík. Þá getur einnig komið í ljós við nánari yfirferð á gögnunum frávík eða alvarlegt frávík sem eftirlitsmönnum var ekki ljóst á staðnum. Matvælastofnun bendir þó á að eftirlitsþegi var upplýstur um möguleg frávík þegar eftirlitsmenn voru á staðnum en formlegar upplýsingar um frávík eða alvarleg frávík fara fram með sjálfri eftirlitsskýrslunni.

Hvað varðar það sem kemur fram hjá eftirlitsþega um að í „nokkrum atriðum virðast minni frávikum safnað saman, en vegna fjölda þeirra skilgreinir MAST þau sem alvarleg frávík“ þá bendir Matvælastofnun á að í einhverjum skoðunaratriðum, t.d. verklagsreglur og viðbragðsáætlanir er um að ræða mörg skjöl og erfitt að hafa eitt skoðunaratriði fyrir hvert skjal. Í þeim tilfellum þegar gera þarf úrbætur á mörgum verklagsreglum eða viðbragðsáætlunum eða þær eru ekki til staðar, þá er það mat Matvælastofnunar að umrætt skoðunaratriði fari úr því að vera frávík yfir í alvarlegt frávík.

Matvælastofnun getur tekið undir það með eftirlitsþega að aðgengi að skilgreiningum á alvarlegum frávikum og frávikum sé ekki til staðar opinberlega. Matvælastofnun mun vinna að því að bæta slíku inn í skoðunarhandbók stofnunarinnar þannig að eftirlitsþegar geti í flestum tilfellum áttað sig á því hver munurinn milli þessarar tveggja frávika er.

Sjókvíaeldi

Þjálfun starfsmanna

Orðalagið „Enginn þessara tólf starfsmanna hefur hlotið þjálfun“ er rangt. Starfsmenn hafa hlotið þjálfun í samræmi við reglugerð, en ekki allir hafa kvittað fyrir, þ.e.a.s. 9 af 12 höfðu kvittað fyrir. Því er tekið undir að þjálfunarskráin sé ekki fullnægjandi en ekki að enginn hafi hlotið þjálfun. Starfsmenn Háafells fá nýliðaðþjálfun sem tekur á þeim atriðum sem eru sett fram í reglugerð auk þess að fá reglulega námskeið og yfirferð á verklagi. Vel er tekið í ábendingu um að hafa eitt skjal sem auðveldar yfirlit og verður það sent inn.

Matvælastofnun bendir á að í tilvísun eftirlitsþega til eftirlitsskýrslunnar hér að ofan vantar hluta setningarinnar. Setningin segir: „Enginn þessara tólf starfsmanna hefur hlotið þjálfun í þeim atriðum sem reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kveður á um að starfsmenn skuli fá.“ Inn í framgreinda setningu í eftirlitsskýrslunni hefur fallið út orðið öllum á undan „þeim atriðum“. Af yfirferð eftirlitsmanna var ljóst að starfsmenn eftirlitsþega fengu einhverja þjálfun en ekki alla þá þjálfun sem kveðið er á um í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, hvorki í nýliðaðþjálfun né síðar.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu frávíksins réttmæta.

Viðbragðsáætlanir

Í gæðahandbók er viðbragðsáætlun um massadauða. Við óskum eftir skýringum á hvað MAST á við með „raunveruleg viðbrögð“ í áætlun um massadauða til þess að Háafell geti uppfyllt væntingar MAST.

Þegar eftirlit Matvælastofnunar fór fram á skrifstofu eftirlitsþega lýstu starfsmenn hans ákveðnum verkþáttum sem framkvæmdir eru þegar kemur til massadauða. Umræddum verkþáttum er ekki að öllu leyti lýst í viðbragðsáætlun um massadauða. Matvælastofnun bendir eftirlitsþega á að skrifa niður það viðbragð sem eftirlitsþegi ætlar sannarlega að grípa til komi til massadauða.

Innra eftirlit

Skýrslan segir að verklagsregla um innra eftirlit sé ekki til staðar. Við erum með verklagsreglur í samræmi við reglugerð, leiðbeiningum í viðauka III. Innra eftirlit er sannarlega til staðar, Háafell óskar eftir nánari leiðbeiningum MAST um hvernig skráningum eða utunumhaldi um innra eftirliti skuli háttað.

Samkvæmt 13. gr. a. laga um fiskeldi nr. 71/2008 og 47. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 bera rekstrarleyfishafar ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með starfseminni. Í viðauka III í reglugerð um fiskeldi kemur skýrt fram að til staðar eigi að vera verklag um innra eftirlit þar sem nánar er lýst þeim atriðum sem koma eigi fram í slíkri verklagsreglu. Í eftirliti Matvælastofnunar óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá verklag eftirlitsþega um innra eftirlit. Ekki var til staðar skriflegt verklag um innra eftirlit og því skráist alvarlegt frávík en eftirlitsþegi upplýsti jafnframt að innra eftirliti sé að einhverju leyti sinnt en Matvælastofnun telur ekki nægjanlegt að viðhafa ákveðið verklag án þess að hafa það skráð eins og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 gerir kröfu um.

Verklagsreglur

Skýrslan segir að verklagsreglur séu „of almennar“. Við viljum fá frekari dæmi um hvað MAST telur of almennt og hvaða atriði vantar. Slíkt er hluti af leiðbeiningar skyldu MAST. Sem dæmi bendir MAST á að bæta við verklagsreglu um móttöku og yfirferð köfunarskýrslna, Háafell tekur vel í að útfæra slíkt verklag, en hafði engin tók á að vita fyrir eftirlitið af þessari kröfu sem leiðir til frávíks.

Þegar eftirlit fór fram á skrifstofu eftirlitsþega fóru eftirlitsmenn yfir það með starfsmönnum eftirlitsþega hvaða verklagsreglur væru of almennar. Ítrekað var upplýst um að lýsta þyrfti betur tilteknum þáttum í verklagsreglunum, gera þær ítarlegri og heimfæra þær betur að tilteknum eldissvæðum eða rekstrarleyfum. Matvælastofnun telur því að

leiðbeiningarskyldu hafi verið sinnt en bendir á að sjálfsagt sé að verða við frekari leiðbeiningum er varða úrbætur telji eftirlitsþegi þörf á síkum leiðbeiningum við úrlausn frávika.

Seiðaðli

„Síðasta vörn gegn storki sem liggur úr settjörn og út í sjó ófullnægjandi“

Timburkassinn er ekki síðasta vörn gegn stroki heldur hluti af frárennsliskerfi. Við óskum eftir að þetta verði leiðrétt. Tvær varnir eru til staðar í öllum húsum Háafells, bæði við eldiskör og á gólfi annars vegar, og hinsvegar gildir við útrás. Eftir ábendingar er núþegar búið að minnka stærð á ristum í A húsi, setja gildir á kör sem eru ekki reglulega notuð og verið er að skoða í kjölinn stærð á rist í A húsi við útrás.

Matvælastofnun bendir á að á þeim tíma þegar eftirlitið átti sér stað voru ristar of stórar í gólfum eldisstöðvarinnar eins og nánar er lýst í eftirlitsskýrslunni og jafnframt að sleppivörn sem liggur frá eldisstöðinni og í settjörnina kæmi ekki í veg fyrir að seiði berist í settjörnina, enda sáust nokkur dauð seiði þar. Á eftirlitsþega hvílir sú skylda að hafa til staðar, á hverjum tíma, tvöfalda vörn til að koma í veg fyrir stök, sbr. 2. mgr. 19. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020. Eftirlitsmenn Matvælastofnunar litu svo á að þar sem fyrsta vörn, ristar í gólfi, voru ófullnægjandi þá væri fyrri vörn sú sleppivörn sem var í settjörnina og seinni vörnin væri umræddur trékassi. Hvernig sem á málið er lítið voru stökvarnir umrætt sinn ófullnægjandi og ekki til staðar tvöföld vörn.

Verklagsreglur of almennar

Skýrslan segir að verklagsreglur séu „of almennar“ og vanti nánari lýsingu á framkvæmd, viðmiðum og fjölda starfsmanna. Verklagsreglur má alltaf bæta, en við óskum eftir dæmum um hvaða verklagsreglur MAST telur of almennar og hvaða atriði vantar. Reglugerð og eftirlitshandbók kveða t.d. ekki á um að tilgreina fjölda starfsmanna í verklagsreglum.


Þegar eftirlit fór fram á eldisstöð eftirlitsþega að Nauteyri fóru eftirlitsmenn yfir það með starfsmönnum eftirlitsþega hvaða verklagsreglur væru of almennar. Ítrekað var upplýst um að lýsta þyrfti betur tilteknum þáttum í verklagsreglunum, gera þær ítarlegri og heimfæra þær betur að tilteknum eldisvæðum eða rekstrarleyfum. Matvælastofnun telur því að leiðbeiningarskyldu hafi verið sinnt en bendir á að sjálfsagt sé að verða við frekari leiðbeiningum er varða úrbætur telji eftirlitsþegi þörf á síkum leiðbeiningum við úrlausn frávika.

Úrbótaáætlun

Skýrslan segir að úrbótaáætlun hafi ekki verið til staðar, sem er rangt. Úrbótaáætlun var til staðar og var send eftirlitsmönnum við úttektina 05.11.2025.

Við frekari skoðun á gögnum málsins í kjölfar athugasemda eftirlitsþega kom í ljós að eftirlitsþegi hafði sent úrbótaáætlunina í tölvupósti. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum. Undir því skoðunatriði sem þetta frávik kemur fram eru önnur frávik sem flokkast sem alvarleg frávik og verður því ekki um að ræða breytingu á skráningu alvarlegs frávíks undir skoðunatriðinu.

**Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar**


Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur